



# Kosningabæklingar, kosningaáróður 1934 – 1941, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – 4 ára áætlun Alþýðufloksins 1934 – Morgunblaðið – Kosningarnar 1937 – Þjóðviljinn (ljósprentun úr blaði kommúnista) – Alþýða um allt Ísland – Jónas Jónsson – Stjórnir verkalýðsfélaganna í Reykjavík 1957 – Landsmálafélagið Vörður

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-41, Örk 2

Herr

Professor Bjarni Benediktsson

Flugvit 1935 Skilumörðus Þg 11

Rúk

1341

$$\begin{array}{r} 8871348 \\ \times 16748 \\ \hline 8871348 \\ 54856 \\ \hline 1386 \end{array}$$

$$\begin{array}{r} 4) 7386(18 \\ 4 ) 286 \\ \hline 5 ) 1386(14 \\ 5 ) 386 \\ \hline 0 \end{array}$$

Heiðradi kjosandi.

Við alþingiskosningar þær, er nú fara í hönd, hafa allir flokkar konur í kjöri á framboðslistum sínum hér í höfuðstaðnum.

Það þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þess fyrir kvenþjóðina, að konur eigi sæti á þingi. Það er ekki einungis metnaðarmál okkar kvenna, heldur miklu fremur hagsmunamál.

Nú hefur aðeins einn flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, sett konu í það sæti á framboðslista sínum, er góðar vonir gefur um að hún nái kosningu, sem best má marka af því, að í síðustu alþingiskosningum vantaði Sjálfstæðisflokkinn aðeins 70 atkvæði til þess að fá fimm þingmenn kosna.

Því viljum við brýna það alvarlega fyrir konum, að þær hugsi sig vel um, áður en þær kasta atkvæði sínu á aðra flokka, sem ekki hafa skipað konum þann sess, er von gefi um þingsetu.

I 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins er kona, frú Kristín L. Sigurðardóttir, og teljum við það sérstaklega ánægjulegt, að í þetta sæti hefur valizt reykvisk húsmódir, kona, sem vegna lífsstarfs síns og reynzlu hefur öll hin ágaetustu skilyrði til þess að gæta á þingi hagsmunu húsmæðra og mæðra og þar með heimilanna í landinu. Auk þess vitum við, að frú Kristín er reiðubúin að leggja lið sitt öllum þeim málum sem konum eru sérstaklega hugstæð, bæði mannúðarmálum og réttindamálum kvenna, að ógleymdum bindindismálum, sem hún hefur helgað drjúgan skerf af kröftum sínum um margra ára skeið.

1341

Við skorum því á konur þessa bœjar að styðja að kosningu frú Kristínar L. Sigurðardóttur og tryggja okkur þar með fulltrúa á Alþingi, sem verður konum til sóma.

Virðingarfyllst,

H. Ólöf Þórhildsdóttir  
Hlíð, Lövareyri 23

Gunnþórunn Hauksdóttir  
Amknarmannahús 5

Helga Sforziladóttir,  
Víðimel 37

Hauksia Ólafsdóttir  
Gullringsdæli 16

Erla Þórssdóttir

Flóðgötu 24

Ingibjörg Þunarsdóttir

Ólannahallaðóttir  
Lingholststr. 18

Hlaðbergsgötu 53

Jóhanna Þóra Þórhildsdóttir  
Flóðgötu 43

Koda Þoragnundóttir  
Garnargötu 10

Kelin Þorhelsdóttir  
Frængjögötu 46

Lígnudur Þórssdóttir  
Kjartansgötu 2.

Jóna Þorlakdóttir  
Lingholststræti 1

Margrét Jónsdóttir  
Leifsgötu 27

Guðrún Ólafsdóttir  
Veðurbæstig 14

Ólafra Þórhildsdóttir  
Sudrunargötu 8

Ólafur Þórhildsdóttir

Hverfisgötu 39

Ólafur Þórhildsdóttir  
Rita Guðjonsdóttir

Sudursgötu 30.

Ólafur Þórhildsdóttir

Lýgmaðið  
Garnargötu 30

Ólafur Þórhildsdóttir  
Sóley Ólafsdóttir

Tolvallag 12

# *Fregnmiði Tímans*

Miðstjórn Framsóknarflokksins hefir í kvöld tilkynnt miðstjórn-  
um Alþýðuflokksins og sjálfstæðisflokksins eftirfaranda:

„Til viðbótar og áréttингar því, sem áður hefir verið tekið fram,  
um það, að ríkisstjórnin skoðar sig aðeins sem stjórn, er starfar til bráða-  
birgða og þar eð því samfara verður um aðeins lítil afgreiðslustörf að  
ræða í ráðuneytunum, munu ráðherrarnir Einar Árnason fjármálaráð-  
herra og Jónas Jónsson dómsmálaráðherra, beiðast lausnar frá embættum  
sínum. Einn af skrifstofustjórum stjórnarráðsins komi inn í ráðuneytið  
til bráðabirgða“.

Prentam. Acta

**20. apríl.**

## **Fregnmiði frá Morgunbl.**

# **Síðustu fregnir.**

Samkvæmt ákvörðun Sjálfstæðisfloksins sendi formaður flókksins svo hljóðandi símskeyti til konungsritara klukkan 11 í dag:

Sjálfstæðisflokkurinn spyr hvenær vænta megi svars konungs.

Svar konungsritara kom klukkan 6 síðdegis:

Hans Hátign svarar þegar er skeysi kemur frá forsetisráðherra, en eftir því hefir konungur beðið í

### **t v o d a g a .**

Konungsritari.

---

Pingmenn Sjálfstæðisfloksins koma saman í Alþingishúsinu klukkan  $8\frac{1}{2}$  í kvöld.

---

Ísafoldarprents miðja h.f.

# Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík.

## C-listinn.

25. janúar 1938.

Háttvirti kjósandi.

Á sunnudaginn kemur eigið þér að segja til um það með atkvæði yða: hverjum þér viljið fela stjórn Reykjavíkurþejar um næstu fjögur ár.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi farið með völd í þessu bæjarfélagi og flest það, sem gerir vistlegra hér en annarstaðar á landinu, hefur verið framkvæmt fyrir atbeina flokksins eða fylgismanna hans.

Á síðari árum hafa erfiðir tímar gengið yfir þennan bæ svo sem yfir landið í heild. Valda þar miklu um óhappaverk Alþingis og ríkistjórnar, en þessir valdhafar hafa alveg sérstaklega snúið fjandskap sínum gegn Reykjavík og íbúum hennar.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ekki haft vald til þess að koma í veg fyrir þessar aðgerðir. En hún hefur reynt að draga úr skaðsemi þeirra og vega upp á móti þeim með nyttsamlegum athöfnum. A síðasta kjörtímabili hefur bæjarstjórnin þannig hrundið í framkvæmd hverju stórvirknu eftir annað og unnið að undirbúningi enn annara.

SOGSVIRKJUNIN hefur verið framkvæmd og rafmagnsverð stórlækkad, begar aðrar nauðsynjar hekkuðu í verði. Hafnarvirkin hafa verið aukin og bætt að miklum mun. Rátaskíði í bænum og vélbáta-útgerð hefur verið studda. Vatnsveitan hefur verið aukin, svo að nægja mun um langa framtíð. Gatnakerfi bæjarins hefur verið stóraukið og bætt. Barnaskóli hefur verið byggður í Laugahverfinu. Hæli hefur verið komið upp fyrir veikluð skólabörn. Barnaleikvelli-ir hafa verið bættir. Húsmæðrafraðslunni hefur verið hrundið í betra horf með styrk til saumanámskeiða Heimilis ðonaðarfélags Íslands og matreiðslunámskeiða. Byggingu sundhallar hefur verið lokið og rekstur hennar hafinn með miklum ágætum. Sundlaugarnar hafa verið bættar svo og sjóbaðstaður. Mikið hefur verið unnið

hinu nýja íþróttahverfi við Skerjafjörd

Margt og mikil hefur verið aðhafst til að bæta úr böli atvinnuleysisins fyrir unga og gamla. Aðrar framkvæmdir hafa verið undirbúnar svo sem samning fullnaðarskipulags fyrir þeirri og lagning hitaveitunnar. Sumar fyrirætlanir Sjálfstæðismanna í þejarstjórn hafa þó stöðvast beinlinis fyrir fjandskap eða sinnuleysi ríkistjórnarinnar og Alþingis. Má þar til nefna samskólabyggingu og starfsemi Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna.

Jafnframt öllum þessum framkvæmdum hefur fjárhag bæjarsjóðs verið haldið í góðu lagi og eignir hans stóraukist, enda þótt miklum hluta af fáteikraframfærslu alls landsins hafi verið velt yfir á Reykjavík.

A næsta kjörtímbili súlar Sjálfstæðisflokkurinn að halda stefnunni svo fram sem hingað til. Af þeim málum, sem flokkurinn mun beita sér fyrir að hrundið verði í framkvæmd, má nefna bessi:

Hafnarvirki verði haldið áfram að auka og höfnin endurbætt

Götur í þaum verði auknar og endurbættar

Barnaskóli fyrir Skildinganes og Grímsstaðaholt verði byggður

## Laugahverfis skólinn verði aukinn

Barnahæli verði byggt í samvinnu við Thorvaldsensfélagið

Barnaleikvellið verði auknir og endurbeættir.

Húsmæðrafræðelunni í þeum verði komið í viðunandi framtíðarhorf.

Iþróttahverfinu við Skerjafjörð verði komið upp í samræmi við óski íþróttamanna.

Iþróttastarfseminni í þeum verði áfram veittur alhliða stuðningur

Nýjum löndum til ýmiskonar rektunar verði úthlutað til bæjarmanna

## Skipulag bæjarins verði endurbætt

Úr atvinnuleysinu og öllum áhrifum þeis verði reynt að draga með viturlegum aðgerðum.

Til alls þessa og margra annara þarflegra umbóta, sem Sjálfstæðisflokkurinn mun samkvæmt fyrri venju beita sér fyrir, þó að hann hafi ekki lofað þeim sérstaklega, þarf styrka stjórn á þennum og góða fjárgæslu. Sjálfstæðisflokkurinn er einn þeim vanda vaxinn, að standa í þessum stórræðum svo að vel fari. En einkum á það þó við um næsta stórmálið, sem Sjálfstæðisflokkurinn hrindir í framkvæmd til gagns fyrir alla bojarbúa, en það er:

HITAVEITA FYRIR ALLA REYKJAVÍK. Öllum undirbúnungi þessa merkasta mannvirkis, sem fyrirhugað hefur verið á Íslandi, er nú svo langt komið, að verkið verður hafið á þessum vetrí. Lánstilboð um nægt fé til framkvæmdarinnar liggur fyrir.

Með því að kjósa Sjálfstæðismenn við bæjarstjórmarkosningarnar sýnið bér fyrst og fremst að bér viljið

áð þessu stórvirki verði haldið áfram, og þar með áð aukin verði  
þegindi og best afkoma allra þejarbúa,

áð gerð verði möguleg stórfeld rektun við húsin innanþeirar.

áð greitt verði fyrir lækkun brunabótartryggingargjaldanna í þeum, sem Sjálfstædisflokkurinn mun beita sér fyrir,

og síðast en ekki síst, að sköpuð verði mikil atvinna í þeum, því að vinnulaun við framkvæmd fyrri hluta verksins eru áætluð hér um bil 2 milljónir króna.

Ef þér viljið styðja að þessu, og þar með velgengni sjálfss yðar  
þeirarfélagsins og landsins í heild, bá kiðsíð þér

## LISTA SJÁLFSTÄÐDISFLOKKSINS

Komið á kjörstað, og komið snemma, og kjósið C-listann.

Sundhöggja  
Guðrún Þorsteinsson Guðrún Benediktsson MÍMKast Miller.  
Guðrún Þorsteinsson Guðrún Þorsteinsson Valþyrðstofnun  
Kerfi H. Þorláksson Guðrún Þorsteinsson Gunnar Þorláksson  
Ólafur Hallgrímsson Guðrún Guðlaugsdóttir Lyðgudrun  
Guðrún Benediktsson Sigþórhauksdóttir Ragnheiður Þórhildsdóttir  
Björn Þórður Þórðarson Martha Indridottir Stefánsdóttir  
Einar Ólafsson Guðmundur Þorláksson Gunnar Þorláksson  
Einar Þórhildsson Sæmundur Þórhildsson  
Bogi Ólafsson Þórhildur Þórhildsson Božena M. Stjastasson  
Jón Ólafsson Karel Drin Řeřichová

# FREGN MIÐINN

1. tbl. 1. árg. júní 1959. Útg.: Sjálfstæðisflokkurinn  
Ábm.: Magnús Jónsson

Yfirlýsing  
Sigurðar Nordal

→ Ekkert  
tækifæri til að leið-  
réttu þegar í stað.

MUN STYÐJA FYRIRHUGAÐA BREYTINGU



Sigurður Nordal

Í 3. tölublaði Kjördæmablaðsins frá 2. júní eru (með feitu letri!) prentuð ummæli eftir mig um "strjálbýlið og íslenzka menningu". Ég hefi orðið þess áskynja úr ýmsum áttum, að svo er litið á sem ég hafi skrifað þetta handa blaðinu og það eigi að vera andmæli gegn þeirri lausn kjördæmamálsins, sem samþykkt var nýlega á Alþingi. Hvort tveggja er eðlilegt. Blaðið hefur ekki sýnt þá ráðvendni að skýra frá því, hvaðan þessi ummæli séu tekin. Það er svo einsýnt í öllum málflutningi sínum, að engum getur dottið í hug að þar sé neitt prentað nema í einum og sama tilgangi, hvers efnis sem það annars er. Og þetta tölublað þess kom einmitt út um leið og öll önnur blaðaútgáfa stöðvaðist, svo að ég hafði ekkert tækifæri til þess að leiðréttu þennan misskilning þegar í stað.

Fyrrnefnd ummæli eru, vitanlega að mér fornspurðum, sótt í 32 ára gamla grein, sem var prentuð í Vöku árið 1927. Í þeim er ekkert, sem ég er ekki fús að standa við enn í dag. En eins og hver maður getur séð, sem nennir að lesa þau, koma þau kjördæmamálinu ekki lifandi vitund við. Ef ég hefði ætlað mér að styðja málstað Kjördæma-blaðsins, mátti ekki minna vera en ég hefði minnzt eitthvað að það, sem nú er deilt um. Eins og allir vita, voru þeir þrír flokkar, sem stóðu að samþykkt síðasta bings, sammála Framsóknarflokknum um að hafa rétt kjósenda í strjálbýlinu áfram meiri en kjósenda í þéttbýlinu, og Framsókn aftur þessum þrem flokkum um hitt, að ekki væri lengur stætt á svo miklu misrétti sem átt hefur sér stað upp á síðkastið. Eini raunverulegi ágreiningurinn er þá um það, hvort gera skuli rétt einstakra hluta dreifbýlisins og kjósenda þar jafnari en hann er nú. Að þessu stefnir einmitt hin fyrirhugaða breyting á kjördæmaskipuninni. Ef nokkurum manni gæti verið forvitni á að vita, hvernig einn óbreyttur reykvískur kjósandi ætlar að verja sínu léttvæga atkvæði, er mér sönn ánægja að lýsa yfir því, að ég mun neyta þess til að styðja þessa fyrir-huguðu breytingu, - meðal annars vegna þess, að ég hygg hún muni verða til verulegs ávinnings fyrir strjálbýlið.

# ÖSÆMILEGAR BARDAGAADFERDIR FRAMSÓKNAR

## UMMÆLI ÞJÓÐKUNNRA MANNA UM KJÖRDÆMAMÁLID FÖLSUD

Í öllum samskiptum manna er það góðra drengja háttur að gæta viss hófs, þó að skoðanir séu skiptar og hart sé deilt. Þessa er því meiri þörf í stjórnálum en ella, þar sem þar er um að tefla örlog lands og lýðs, svo að óbætanlegt tjón kann að hljótast af, ef rangt er haft við.

Svo hefur þó nú orðið í því máli, sem íslenzka þjóðin á meira undir að leysist farsællega en flest önnur, kjördæmamálini. Prentsmiðja Tímans hefur að undanförnu látið frá sér fara blað, að nafni "Kjördæmablaðið" sem útbýtt hefur verið ókeypis um land allt. Er öllum ljóst, að kostnaðurinn af þeirri útgáfu hvílir á öðrum en "ritstjórn og ábyrgðarmanni" blaðsins, og eru því þeir, sem kostnaðinn bera, raunverulega ábyrgir fyrir því, sem hér hefur á orðið, þó að hinni formlegu ábyrgð sé velt á annan. Af auðskildum ástæðum hefur þótt hentara að dylja upphafsmennina sjálfa.

Daginn eftir að prentaraverkfallið hófst kom út hið 3. tölublað Kjördæmablaðsins. Þegar lesnar eru yfirlýsingar þeirra Sigurðar Nordal og Kristins Jónssonar, er auðsætt af hverju þessi háttur var á hafður. Blaðið sjálft er prentað og fullbúið áður en verkfallið skellur á, en því er ekki útbýtt fyrr en fyrirsjánlegt er, að ekki er unnt að koma að leiðréttungum eða svörum með venjulegum hætti, um ófyrirsjánlegan tíma. Með þetta í huga eru þar birt ummæli tilgreindra manna, án pess að geta heimilda, þau slitin úr samhengi og snúið upp á allt annað en við var átt eða beinlinis rangfærð.

Slíkar aðfarir eru ætlað fordæmanlegar, en því frekar, þegar skákað er í skjóli þess, að aðilar geti ekki komið leiðréttungum til vitundar þeirra, sem reynt er að blekkja. Með þessu athæfi hefur verið framið eithvert auðvirkilegasta drengskaparbrot, sem sögur fara af í íslenzkum stjórnálum.

Með þessari óhæfu hefur Kjördæmablaðið sjálft dæmt sig úr leik, svo að ekki þarf frekar vitna við. En tilraunin til að fela sig bak við annan, má ekki verða þeim, sem á bak standa, til bjargar. Kristinn Jónsson skýrir frá, hverra erindreki sá var, sem til hans kom, og forðaðist að tala um sinn sanna útsendara. Framkoman gegn Sigurði Nordal og hegðun útsendaranna austur í Rangárvallasýslu minnir og mjög á tilvitnanir Tímans og annarra málsvara Framsóknarflokksins í meira en aldarfjórðungs gömul orð Ásgeirs Ásgeirssonar. Þessi orð voru mælt á meðan Ásgeir Ásgeirsson, einn forystumann í stjórnálaátkunum, forsætisráðherra í umboði Framsóknarflokksins, og atvik öll og þjóðhættir voru á annan veg en nú. Vegna stöðu sinnar, þá getur herra Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, ekki svarað rangtulkun Tímans á orðum hans eða skyrt frá skoðun sinni á lausn kjördæmamálsins. Tilvitnanir í 26 ára gömul orð Ásgeirs Ásgeirssonar, misferlið með 32 ára gömul ummæli Sigurðar Nordal og rangfærslurnar á samtólum við Rangæinga er allt sama eðlis. Misfarið er með orð manna í því trausti, að leiðréttungum verði ekki komið við eða a.m.k. ekki nóg snemma.

Menn deila með eðlilegum hætti um kjördæmamálið, eins og öll önnur mál, sumir láta það ráða atkvæði sínu á annan hvorn veg, aðrir ekki, af því að þeir telja önnur mál engu síður mikilvæg. Þetta gerir hver frjáls kjósandi upp við sjálfan sig. En allir heilbrigðir menn hljóta að sameinast um að fordæma þau einstóku ódrengskaparbrögð, sem Framsóknar-menn hafa nú verið staðnir að, í baráttu sinni fyrir vonlausum málstað.

## Viðtal sem mjög er rangfært

Mun styðja Sjálfstæðisflokkinn.  
Yfirlýsing frá Kristni Jónssyni,  
Borgarholti, Holtum.

Í Kjördæmablaðinu 2. júní s.l., er haft eftir mér viðtal, sem er mjög rangfært. Ég átti stutt tal við two menn og mun annar þeirra hafa verið erindreki Framsóknarflokksins, enda þótt hann forðaðist að tala um það. Það er rétt eftir mér haft, að ég er Sjálfstæðismaður, enda mun ég styðja Sjálfstæðisflokkinn við næstu kosningar, eins og áður, þótt ég sé ekki allskostar ánægður með kjördæmamálið.

Það er ástæða til þess að vara fólk við þessháttar mönnum, sem óska eftir blaðaviðtali við menn og rangfæra svo það sem sagt er, en þannig mun flest vera, sem í Kjördæmablaðið er skrifsað, samanber viðtal við Ólaf, hreppstjóra í Hábæ, sem einnig er rangfært.

Borgarholti, 7. júní, 1959  
Kristinn Jónsson

ÓLAFUR SIGURDSSON, hreppstjóri, í Hábæ hefur sjálfur sent Kjördæmablaðinu yfirlýsingu vegna "viðtals", sem blaðið átti við hann.



Aðstaða þeirra sem í sveitunum búa til kjördæmamálsins verður á vissan hátt prófsteinn að það hvort sveitafolkið kys að einangra sig í vonlausri baráttu eða kys órangillegt samatarf við þær stéttir sem í þettbylinu búa.

Fa' Ifau. þ a' hafa ~~er~~ dansti  
þingflokkur tengid starfsfó, sem he' segur eðr.

Nordiik Kontakt ~~21.10.69~~ 1.1969 (bls. 66):

1. Þingflokkar, sem eru í skárnarandi, kín  
og eiga suli í þingnefndum, 15 þús. kr. ~~er~~  
fast gjald + 3 þús. a' hvem þingmánum  
(Socialdemokrat 204 þús - Soe.  
Folkeparti 45 þús.)

2. Þingflokkur í skárnarandstöðu, sem ekki  
komu mónum í nefndi fa' 12 þús.  
sle'ttar

3. Þingflokkur, sem hafa ráði í skárin fa' 3 þús.  
a' þingmánum.

(Konservatívrí 93 þús -  
Venstre 90 þús Radikalz 72 þús.)

Til ihuguna he'.

1. Þingfl. í skárnarandst. sem eiga rétt a'  
manni í 7 manna nefndi. Sam Alþingi k. 150 þús  
i grunni og 15 þús. a' þingmánum.

2. Þingfl. í skárnarandstöði sem ekki eru fulltrúa  
í 7 manna nefndi. Sam Alþingi fa' 100 þús.

3. Þingfl., sem hafir ráði í skárin fa' 15 þús a' þingmánum

I n n t ö k u b e i ð n i

Ég undirritaður óska hér með að gerast meðlimur í  
Landsmálfelaginu Verði, Rvík.

Fæð.d.

Nafn:

og ár:

Heimilisfang:

---

---

---

---

---

---

---

---

---

I. Stjórnarsamningurinn 1934—1936

Um hvað sömdu  
stjórnarflokkarnir  
**1934?**

Hvað höfðu þeir gert  
**1936?**

---

Kosningarnar 1937

**F**YRIR kosningarnar 1934 lagði Alþýðuflokkurinn fram starfskrá fyrir næsta kjörtímabil, hina al-kunnu 4 ára áætlun. Það var sú starfskrá sem flokkurinn vildi láta framkvæma á næsta kjörtímabili, að svo miklu leyti sem hann fengi því ráðið. Þegar núverandi stjórnarflokkar gengu til samninga um stjórnarmyndun eftir kosningarnar var þessi starfskrá lögð til grundvallar af hálfu Alþýðuflokkssins, en að visu að eins tekin upp í stjórnarsamninginn þau ákvæði hennar, sem unnt var að fá Framsóknarflokkinn til að fallast á. Samningur var og aðeins gerður fyrir tvö fyrri ár kjörtímabilsins, 1934—36, og var ætlast til, að nýr samningur yrði gerður að þeim árum liðnum um lög-gjafarstarfið síðari hluta kjörtímabilsins.

Stjórnarsamningur þessi fer hér á eftir ásamt at-hugasemdum um framkvæmd hans:

Um leið og Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn ganga til stjórnarmyndunar, koma þeir sér saman um eftifarandi bráðabirgðaverkefni stjórnarinnar:

1. Að skipa nú þegar nefnd sérfróðra manna til að gera tillögur og áætlanir um aukinn atvinnurekstur, framkvæmdir og framleiðslu í landinu, svo og aukna sölu afurða utan- og innanlands. Sé lögð áherzla á að efla þann atvinnurekstur, sem fyrir er og rekinn er á heilbrigðum grundvelli, enda komið á opinberu eftirliti með hverskonar stórrekstri til tryggingar því, að hann sé rekinn í samræmi við hagsmuni almennings. Opinberar ráðstafanir verði síðan gerðar til aukningar atvinnurekstri í landinu, eftir því sem þarfir krefja og við getur átt.

(Skipulagsnefnd atvinnumála var þegar skipuð, og hefir hún leyst af hendi mikið og merkilegt rannsóknarstarf. Allmargt af tillögum hennar er komið til fram-

kvæmdar, svo sem lög um nýbýli, rannsókn í þágu at-vinnuveganna, grænmetisverzlun og framleiðsluverð-laun fyrir kartöflur, skipulag fólksflutninga o. fl. Fyrir síðasta Alþingi lágu mörg merk frv. frá skipu-lagsnefnd, svo sem um iðnlánasjóð, endurskipulagningu bankanna og á verzlunar og utanrikismálum og síðast en ekki síst frumvörp Alþýðufl. um viðreisn sjávarútvegsins, sem byggjast á rannsóknum nefndarinnar. En þegar að þessum þýðingarmestu tillögum kom um viðreisn atvinnulífsins í landinu, hikaði Framsóknarflokkurinn, en Alþýðuflokkurinn mun fylgja þeim fram til sigurs).

2. Að afla ríkissjóði tekna þannig, að byrðarnar hvili fyrst og fremst á háum tekjum og miklum eignum skattþegnanna, en að auki sé fjár aflað með arðvænlegum verzunarfyrtækjum hins opinbera. Færðar séu niður ónauðsynlegar fjárgreiðslur ríkissjóðs, alls sparnaðar gætt í rekstri ríkisins og opin-berra stofnana, en tekjunum varið, eftir því sem unnt er, til aukningar atvinnu og framkvæmda í landinu. Fjárlög séu samin á þessum grundvelli og gerð svo ýtarleg og nákvæm sem auðið er, enda sé tryggilega um það búið, að eftir þeim sé farið til hins ýtrasta.

(Framkvæmt í öllum atriðum sbr. III. Skattar og tollar og verklegar framkvæmdir).

3. Að fela sérstakri stjórnarskrifstofu, á meðan nú-verandi viðskiptaörðugleikar haldast, að undirbúa alla verzunarsamninga við erlend ríki, stjórnna mark-aðsleitum, ráðstafa inn- og útflutningi og hafa að öðru leyti yfirumsjón með öllu, er viðkemur utanrikis-verzluninni.

(Leyst til bráðabirgða á annan hátt með stofnun fiskmálanefndar, sildarútvegsnefndar, endurskipun gjaldeyrisnefndar og endurskipulagningu fiskisölu-samlagsins. Á síðasta þingi bar Alþýðuflokkurinn

fram frv. um sérstakt verzlunarráðuneyti, er hafi yfirstjórn allra þessara mála. Þar er enn fremur gert ráð fyrir eftirliti með verðlagi í landinu, og takmörkun á verzlunargrða (álagningarskattur).

4. Að skipuleggja nú þegar með bráðabirgðalögum sölu landbúnaðarafurða innanlands, er tryggi bændum viðunandi verð fyrir afurðir sínar. Sé lögð áherzla á, að draga úr milliliða- og dreifingarkostnaði, til sameiginlegra hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. (Framkvæmt að fullu sbr. V. Afurðasölulöginn).

5. Að viðurkenna Alþýðusamband Íslands sem samningsaðila um kaupgjald verkafólks í opinberri vinnu. Sé nú þegar gengið til slikra samninga með það fyrir augum að jafna og bæta kjör þeirra, sem þá vinnu stunda. Opinberri vinni verði hagað þannig, að hún verði einkum til atvinnuaukningar í þeim héruðum, þar sem hún er unnin.

(Framkvæmt að fullu með gerðum samningum).

6. Að lækka útflutningsgjald af sild, þannig, að það verði eigi hærra en af öðrum útflutnum fiski. Jafnframt sé fellt niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Á þessu ári verði mismunurinn á sildartollinum af þessa árs framleisðlu og venjulegu útflutningsgjaldi endurgreiddur og gangi öll endurgreiðslan til hlutauppbótar handa sjómönnum.

(Framkvæmt þegar á fyrsta þingi eftir stjórnarskiptin. Ennfremur fellt niður verðjöfnunargjald af saltfiski, sem nam ca  $1\frac{1}{2}$  millj. kr. á ári. Sbr. VIII. Sjávarútvegsmál).

7. Að stöðva nú þegar greiðslur úr ríkissjóði, sem nú fara fram til að halda uppi varalöggreglu.

(Framkvæmt þegar í stað eftir stjórnarskiptin. Ríkislöggreglan hafði þá staðið á annað ár og kostað kr. 459748.50).

8. Að ljúka nú þegar undirbúningi löggjafar um almennar alþýðutryggingar, svo og undirbúningi endurbóta á framfærslulöggjöfinni, er hvorttveggja komi til framkvæmda eigi síðar en í ársbyrjun 1936.

(Lög hafa verið sett um alþýðutryggingar, ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla, svo og almenn framfærslulög).

9. Að ljúka nú þegar undirbúningi löggjafar um samvinnubyggðir í sveitum (nýbýli og nýbýlahverfi), er komi til framkvæmda vorið 1935.

(Lög um nýbýli og samvinnubyggðir. Árið 1936 var veittur styrkur og lán til 70 nýbýla og 75 eru í undirbúningi á þessu ári. Eftirspurn miklu meiri en hægt er að fullnægja).

10. Að afnema þegar á næsta þingi lög um þjóð- og kirkjujarðasölu og setja jafnframt löggjöf um erfðafestuábúð á jarðeignum ríkisins. Jafnhliða sé undirbún löggjöf um jarðakaup ríkisins, er komi til framkvæmda eigi síðar en í ársbyrjun 1936.

(Sala jarða hefir að vísu verið stöðvuð, en lögin ekki fengizt afnumin. Hinsvegar settu Framsóknarmenn og Íhaldsmenn lög um erfðaábúð og óðalsrétt, sem að vísu eru mest nafnið. Lög hafa einnig verið sett um jarðakaup ríkisins. Jarðakaupin eiga, að álíti Framsóknar, að vera einkum kreppuhjálp til bænda, sem þurfa að selja ábýlin. Stefna Alþfl. er hinsvegar sú, að ríkið eigi aðeins að kaupa sér og almenningu í hagi t. d. land undir samvinnubyggðir eða svæði, sem eiga fyrir sér að hækka í verði fyrir opinberar aðgerðir).

11. Að undirbúa nú þegar endurbætur á löggjöf um veðlán til landbúnaðarins er feli í sér lenging láns-tíma og lækkun vaxta og komi til framkvæmda hið allra fyrsta.

(Framkvæmt svo að nú eru vextir af fasteignaveðslánum bænda hvergi hærri en 5%).

12. Að stuðla að því, að hrundið verði sem allra fyrst í framkvæmd **virkjun Sogsins**.

(Sogsvirkjunin er nálega fullgerð. Rikisstjórnin veitti aðstoð um útvegum lánsfjár. Ráðherra Alþýðuflokkssins hefir látið gera undirbúning að orkuveitum út frá stöðinni við Sog til almenningsnota á því svæði, sem til greina getur komið).

13. Að undirbúa nú þegar endurbætur á réttarfars- og refsilöggjöfinni eftir fullkomnustu erlendum fyrirmynnum, er komi til framkvæmda eigi síðar en i ársþyrjun 1936.

(Lög frá 1936 um meðferð einkamála í héraði fára réttarfarið í nútímahorf. Opinber málflutningur o. fl. breytingar, rétturinn opnaður fyrir almenningi, svo að hann geti áttað sig á gangi hvers máls. Verið er að undirbúa hliðstæða refsilöggjöf. Hæstiréttur hefir verið yngdur upp).

14. Að hraða að öðru leyti framkvæmd þeirra mála til hagsbóta fyrir hinrar vinnandi stéttir í landinu, sem báðir flokkar hafa lýst sig fylgjandi.

(Af slíkum hagsbótum mætti t. d. nefna efling Byggings- og landnámssjóðs, verkamannabústaði, öryggismál sjómanna, bætta landhelgsgæzlu og uppræting togaranjósna).

Loforð þessa samnings hafa verið haldið að frátoldu því, sem getið er við 3. og 10. lið (verzlunarráðuneyti, afnám þjóðjarðasölulaga). En þar hafa þær ástæður hindrað, sem Alþfl. verður ekki sakadur um. — Það má segja báðum flokkunum til lofs, að samvinnan kostaði fórnir, sem ein stétt varð að fára annari (kjötlög, mjólkurlög, kaupgjaldsmál, kreppuhjálp o. fl.). Þær fórnir má ekki telja eftir, þó að réttlátt sé að minna á þær.

Pó að Alþýðuflokkurinn sé ekki ánægður með af-

greiðslu sumra mála, er samningurinn nær til, gerði hann það ekki að samvinnuslitum við Framsókn og kaus heldur gallaðar umbætur en engar.

**Á þeim tveimur árum, sem stjórnarsamningurinn náði til, höfðu meiri aðsteðjandi og ófyrirsjáanlegir erfiðleikar mætt atvinnurekstri landsmanna en dæmi eru til áður.**

Markaðurinn fyrir aðalútfutningsvörur þjóðarinnar lokaðist á þessum árum svo að árið 1936 nam útfutningur á saltfiski

**14,4 millj. kr. á móti 30,7 millj. kr. 1933.**  
Frá Spáni fengust fyrir saltfisk

**15 millj.**

i peningum 1933, en

**1 millj.**

i dýrum og óhentugum vörum 1936. Við þetta baettist einsdæma aflaleysi hverja vertiðina eftir aðra, sildin brást að miklu leyti 1935 en þorskveiðar hið sama ár á Austur- og Vesturlandi og um allt land 1936 svo að það ár varð aflinn um 60% minni en 1933. Árið 1933 nam aflinn

**68600**

tonnum en 1936 aðeins

**29100**

tonnum.

**Tekjurýrnun sjómanna og verkamanna af þessum orsökum nam 7—7½ millj. króna eða árstekjum yfir 3000 fjölskyldna.**

Hefði allur sá fjöldi hlotið að bætast í tölu atvinnuleysingja til viðbótar fjölguninni á atvinnumarkaðinum (ca. 1000 manns á ári) af völdum almennrar fólksfjölgunar í landinu, ef ekki hefði verið hamlað á móti. (Sbr. VI. Ófyrirsjáanlegir erfiðleikar VII. Atvinnuleysið og viðnámið gegn því).

Með tilliti til þessara ófyrirsjáanlegu erfiðleika við sjávarsíðuna var Alþýðuflokknum ljóst, að ekki nægði að láta sitja við aðgerðir þær, sem samkomulag hafði náðst um fyrri hluta kjörtímabilssins, og komu fram á þingi Alþýðusambandsins, sem haldið var á síðastliðnu hausti, þar sem mættir voru fulltrúar 13000 vinnandi manna, aðallega við sjávarsíðuna, ákveðnar kröfur um, að leitað væri framhaldssamninga við samstarfsflokkinn um tilsvarandi viðreisn atvinnuveganna við sjóinn og unnið hafði verið að með góðum árangri fyrir atvinnuveg sveitanna. Þessar kröfur voru settar fram í starfskrá sambandsplingsins og Alþýðuflokknum ætlað að leggja hana til grundvallar nýjum stjórnarsamningi á svipaðan hátt og 4 ára áætlunina á sínum tima, í því skyni að tryggja þar með í öllum aðalatriðum framgang hennar á 4 árum eins og upphaflega hafði verið tilætlunin.

**Samningurinn náðist ekki**, og varð flokkurinn að vera einn um að leggja mál alþýðunnar fyrir Alþingi, en það leiddi til þingrofsins eins og kunnugt er.

II. 4 ára áætlunin

Hvað var  
4 ára áætlunin?

Hvað líður framkvæmd hennar?

Hverju var lofað og  
hvað hefir verið efnt?

---

Kosningarnar 1937

## Fjögra ára áætlunin

**var tillaga Alþýðuflokksins um starfskrá fyrir heilt kjörtímabil,**

sem hann gerði öllum andstæðingum íhaldsins kost á að sameinast um við síðustu alþingiskosningar (1934) og hann hefði lagt til grundvallar öllum stjórnarframkvæmdum, ef hann einn hefði haft bolmagn til.

Er flokkurinn eftir kosningarnar 1934 gekk til stjórnarmyndunar með Framsóknarflokknum, tókst honum að fá gerða skriflega samninga um grundvöll samvinnunnar og ákveðnar framkvæmdir, sem ætla máttí að mest yrðu aðkallandi næstu tvö árin. Stjórnarsamningurinn byggði svo langt sem hann náiði á fjögra ára áætluninni og sumir liðir hennar voru beinlinis teknir upp í samninginn. Um flesta liðina náðust hinsvegar ekki samningar, en þrátt fyrir það tókst að koma furðanlega mörgum þeirra í framkvæmd að meiru eða minna leytí á þeim tveimur árum sem fullkomin samvinna hélt á milli stjórnarflokksanna.

Pegar íhaldið ásakar Alþýðuflokkinn um vanefndir á 4 ára áætluninni, byggir það fullyrðingar sinar á því, að Alþýðuflokkurinn hafi á kjörtímabilinu í raun og veru haft þá aðstöðu, sem þurfti til að koma henni í fulla framkvæmd. En því fór fjarri. Til þess hefði Alþýðuflokkurinn þurft að ná meiri hluta á Alþingi eða fá samstarfsflokkinn til að fallast á alla liði áætlunarinnar, sem hvorugt tókst. Þó að Alþýðuflokkurinn hefði sömu tölu kjósenda á bak við sig og Framsóknarflokkurinn (A: 11269 eða 21,7%, F: 11377 eða 21,9%) urðu úrslitin þau, vegna ranglátrar kjördæmaskipun-

ar, að þingmenn flokkanna urðu 10 móti 15. Hlutfallið varð Alþýðuflokknun enn óhagstæðara í ríkistjórninni með 1 ráðherra móti 2. Af þessu hlutu að leiða erfiðleikar fyrir Alþýðuflokkinn við að fá framkvæmd ýms mál, er hann hafði tekið upp í 4 ára áætlun sína, en Framsóknarflokcurinn látið sér fátt um, að ekki sé talað um þau mál, sem samstarfsflokkurinn var beinlinis á móti.

Við þetta bætir íhaldið því, að láta svo sem 4 ára tímabilið sem áætlunin vildi miða við (1935—1939) sé þegar liðið með árinu 1936, auk þess sem það beinlinis falsar sum höfuðatriði áætlunarinnar, svo sem er það fullyrðir í sífelli, að Alþýðuflokcurinn hafi lofað að útrýma atvinnuleysinu á ákveðnum tíma í stað þess að í áætluninni stendur það eitt, að atvinnumálum þjóðarinnar skuli stjórnæð með því MARKMIÐI að útrýma atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar.

Verðir því aldrei neitað, að allar höfuðstjórnarframkvæmdir síðustu tveggja ára hafa einmitt verið miðaða við þetta, og verður þessa tímabils áreiðanlega síðar minnst í sögu þjóðarinnar fyrir það, að þá var

**í fyrra sinni hugmyndin um hagskipulag (planíkonomi) lögð til grundvallar öllum afskipum þings og stjórnar af atvinnumálum þjóðarinnar.**

En þessi hugmynd var fyrt sett fram í íslenzkum stjórnnum í 4 ára áætlun Alþýðuflokksins.

**Ef frið er yfir 4 ára áætlunina, lið fyrir lið, enliðirnir eru 36 alls, kemur í ljós, að 23 þeirra lafa þrátt fyrir allt verið framkvæmdir að niklu eða öllu leytí svo að ekki verður talað um vanefndir á, 9 að nokkru leytí, en aðeins eru óframkvæmdir.**

## Framkvæmdir að miklu eða öllu leyti:

1. Skipun og störf skipulagsnefndar.
2. Auknar opinberar framkvæmdir (vega og brúargerðir, hafnar- og lendingarbætur, sildarverksmiðjur o. s. frv.).
3. Komið upp Rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, sem nú er að taka til starfa.
4. Nýbýli og samyrkjubyggðir (lög sett og framkvæmdir hafnar).
5. Skipulagning afurðasölu innanlands.
6. Fullt samningsbundið kaup við opinbera vinnu.
7. Með stofnun sildarútvegsnefndar og fiskimála-nefndar hefir áunnizt meira en nokkurntíma áður til aukinnar vöruvöndunar og öflunar nýrra markaða (nýjar sjávarasurðir fluttar út fyrir 3 millj. kr. árið 1936).
8. Iðnlánasjóður stofnaður og breyting á tolalögum til hagsbóta fyrir innlenden iðnað.
9. Skipulagning fólksflutninga innanlands með föstum, reglubundnum áætlunum, lægri fargjöllum og hækkuð framlög til samgangna á sjó.
10. Lækkaður kaffi- og sykurtollur. Hækkaðr skattar á háum tekjum og stóreignum, en lækkaðir skattar á lágum tekjum.
11. Efling ríkisverksmiðjanna. Karfavinnsla ríkisins. Einkasölur til tekjuöflunar.
12. Landssmiðjan aukin og önnur ríkisfyrirþeki betur rekin en áður.
13. Áætlun fjárlaganna aldrei verið nær hau rétta síðan fyrir strið.
14. Hallalaus ríkisbúskapur árin 1935—1936.

23. Alþýðutryggingalög sett, svo og lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örbumla.
24. Heilsuverndarstöð í Reykjavík tryggðar 30 þús. kr. tekjur með 10 þús. kr. ríkisframlagi. Störf hennar hafa tifaldast síðustu mánuðina. Óðrum kaupstöðum standur til boða tilsvarandi ríkisstyrkur til heilsuverndarstöðva.
25. Verkamannabústaðir byggðir í Reykjavík fyrir yfir 70 fjölskyldur á síðastliðnu ári, sifellt betri og fullkomnari. Verkamannabústaðir hafa einnig verið byggðir í óðrum kaupstöðum.
26. Skólastyklda færð niður með nýjum og fullkomnari fræðslulögum. Héraðsskólam fjölgæð, unglingskólar efldir. Dagheimili barna í kaupstöðum styrkt.
27. Skólagjöld í opinberum skólam afnumin með öllu.
28. Ríkisútgáfa námsbóka lögfest með ókeypis úthlutun námsbóka gegn lágum skatti. Kemst til framkvæmda þegar á næsta hausti.
29. Ný lög um meðferð einkamála í heraði.
30. Ný refsilög í undirbúningi.
31. Dómarar hæstaréttar yngdir upp.
32. Ríkislöggreglan afnumin þegar eftir stjórnarskiptin og er síðan friður í landinu.

## Framkvæmdir að nokkru leyti.

33. Sala þjóðjarða stöðvuð og lög sett um jarðakaup ríkisins. Að öðru leyti gekk Framsóknarflokkurin til tamstarfs við ihaldið um þessi mál (lög um óðalsrétt) þvert ofan í stjórnarsamninginn.
34. Kreppuhjálp smáutvegsmanna (skuldaskilasjóður) hefir veitt þeim allt að 3 millj. kr. skuldaeftirgjafir. Bændum tryggðir hagfelldari borgunarskilmálar á kreplánum. Verkamenn hafa enga kreppuhjálp fengið aðra en atvinnubótavinnu.

12. Samvinnuútgerð á nokkrum stöðum studd með rikisábyrgð. Framsóknarflokkurinn hefir staðið á móti frekari framkvæmdum (sbr. frv. Alþýðufloksins á síðasta þingi til viðreisnar sjávarútveginum).
13. Togaranjósirnar, sem háttsettir íhaldsmenn og jafnvel alþingismenn íhaldsins hafa staðið fyrir, hafa verið kveðnar niður. Nýr varðbátur í smíðum, en þörf á miklu fleiri, og biður það síns tima.
17. Rekstursútgjöld ríkissjóðs hlutfallslega lægri nú en áður og hálaun lækkuð við margar rikisstofnanir. Enn hefir hinsvegar ekki tekizt að lækka hálaunin við hálfopinberar stofnanir (banka, fisksölusamlag o. s. frv.).
22. Enn hefir ekki tekizt, þrátt fyrir viðleitni Alþýðufloksins (frv. Jónasar Guðmundssonar) að tryggja bæjar- og sveitarfélögum fasta tekjustofna. Aftur á móti hefir mikið verið létt undir með bæjar- og sveitarfélögum með skuldaskilum, og nemur sú skuldalækkun um 3 millj. kr. Á nokkrum stöðum hefir sveitarfélögum verið hjálpað með beinum framlögum úr ríkissjóði.
27. Ný framfærslulög sett, mannúðlegri en áður var, en tillögur Alþýðufloksins ekki teknar til greina að öllu leyti.
32. Að svo miklu leyti sem Alþýðuflokkurinn hefir ráðið hafa hæfstu menn jafnan verið látnir sitja fyrir stöðum við opinberar stofnanir.
33. Tvö síðastliðin ár hefir nokkrum **ungum mönnum** verið veitt sumaratvinna fyrir beina forgöngu ráðherra Alþýðufloksins og **unglingavinna** í Reykjavík að vetrinum styrkt. En mikið vantar enn til að bætt sé úr því ægilega böli, sem leiðir af atvinnuleysi ungra manna.

## Ekki framkvæmdir.

11. Almenn vaxtalækkun hefir enn ekki fengizt. (Vextir af fasteignaveðlánum bænda hafa þó verið lækkaðir).
21. Jöfnunarsjóður ríkisins. Kemur ekki til greina í árferði því, er nú er og hefir verið.
24. Ríkiseinkasala á lyfjum er í undirbúningi.
26. Áfengismálin eru í hörmulegu ástandi, og tekur Alþýðuflokkurinn enga ábyrgð á því.

Að svo miklu leyti var kröfu 4 ára áætlunarinnar fullnægt á 2 árum. Fyrir beinar aðgerðir hins opinbera hefir tekizt að efla atvinnuvegina og auka atvinnuna svo, að ef ekki hefði dunið yfir ófyrirsjáanlegt og óminnligt misæri og markaðshrun, hefði engin maður nú þurft að ganga atvinnulaus, ekki sist ef bæjarstjórn Reykjavíkur, önnur áhrifamesta opinber stofnun í landinu, hefði gert sina skyldu. Yfir 3000 mönnum, sem bæst hafa á atvinnumarkaðinn hefir verið séð fyrir vinnu í nýjum atvinnugreinum við iðnað og nýbreytni við sjávarútveg og við aukinn rekstur í þeim greinum sjávarútvegsins, sem hið opinbera hefir mest afskipti af og mest hefir eflst: sildarútveginum.

Hvað mundi ekki hafa verið hægt að gera, ef þingmeirihluti og samhent stjórн hefði boríð gæfu til að fara að vilja Alþýðufl. og gert ráðstafanir í beinu áframhaldi af 4 ára áætluninni til viðreisnar þeim atvinnuvegi, fiskveiðunum, sem harðast hafa orðið úti fyrir hin ófyrirsjáanlegu áföll?

(Um tillögur Alþýðufloksins um þetta efni sbr. IX. Sjávarútvegsmál).



### III. Skattar, tollar og verklegar framkvæmdir

Er

**skatta- og tollabyrðin  
á þjóðinni þyngri nú  
en í  
tíð Jóns Þorlákssonar?**

**Eru verklegar  
framkvæmdir  
minni en þá?**

---

Kosningarnar 1937

hana á ýmsan hátt, skulu hér sýndar nokkrar tölur til samanburðar:

**Tekjuskattur.  
Hjón með 3 börn.**

## Tollar og skattar

Undanfarin ár hafa andstæðingar stjórnarinnar haldið uppi stöðugum árásum á stjórnarflokkana fyrir það, að þeir hafi hækkað svo gifurlega skattana á þjóðinni, að þeir séu orðnir algerlega óbærilegir. Til þess að ganga úr skugga um, hvað rétt er í þessu máli, er rétt að bera saman skattþungann frá stjórnartíð Jóns Þorlákssonar, sem íhaldið vitnar alltaf til sem fyrirmynadar í stjórn fjármála, við það, sem nú er.

### Skattar og tollar hafa verið:

1925 .....	kr. 120	á mann (íbúa)
1930 .....	— 112 —	
1936 .....	— 105 —	

og hafa því lækkað á þessu tímabili um  $12\frac{1}{2}\%$ .

Heildarupphæð skatt- og tolltekna ríkissjóðs hefir öll þessi ár verið nálega eins, eða rúmar 12 millj. kr. Verður því tiltölulega lettara að standa undir gjöldunum eftir því, sem fólkini fjölgar. Eins og af þessu má sjá, er það alls ekki rétt, að skattarnir hafi hækkað í tið núverandi stjórnar, heldur er þar aðeins um tilfærslu að ræða. T. d. hefir verið lækkaður allverulega skattur á ýmsum neyzluvörum (kaffi, sykri o. fl.) og vörum til iðnaðar. Aftur á móti hefir tekjuskatturinn verið hækkaður allverulega, en aðallega á háum tekjum — yfir 7000 kr.

En þar sem Sjálfstæðismenn hafa lagst mjög fast á móti þeirri hækku og gert tilraunir til að rangfæra

### Lækkun:

Hreinar tekjur.	Eldri skattur með 40% álagi.	Skattur nú i Rvk.
2 000.00	0.00	"
3 000.00	3.00	0.00
4 000.00	20.30	10.00
5 000.00	44.80	30.00

### Hækku:

6 000.00	79.80	80.00
7 000.00	128.80	155.00
8 000.00	191.80	255.00
10 000.00	359.80	605.00
12 000.00	583.80	1 215.00
16 000.00	1 199.80	2 520.00
20 000.00	2 039.80	3 980.00
25 000.00	3 359.30	5 940.00
30 000.00	4 741.80	8 030.00
40 000.00	7 681.80	12 420.00
50 000.00	10 866.80	16 820.00
100 000.00	28 016.80	38 820.00

### Einhleypir.

### Lækkun:

600.00	0.60	0.00
800.00	1.80	0.00
1 000.00	3.00	2.00
1 500.00	7.00	7.00
2 000.00	20.30	14.00
2 500.00	30.80	40.00
3 000.00	44.80	40.00

**Hækkun:**

3 500.00	58.80	65.00
4 000.00	79.80	95.00
5 000.00	128.80	175.00
6 000.00	191.80	285.00
7 000.00	268.80	445.00
8 000.00	359.80	665.00
10 000.00	583.80	1 278.00
12 000.00	863.80	1 916.00
14 000.00	1 199.80	2 590.00
16 000.00	1 591.80	3 304.00
18 000.00	2 039.80	4 056.00
20 000.00	2 543.80	4 828.00
30 000.00	5 301.80	8 988.00
50 000.00	11 510.80	17 788.00
100 000.00	28 716.80	39 788.00

Eins og þessar tölur sýna, kemur hækkun skattsins ekki til greina fyr en tekjurnar eru orðnar svo háar, að þær þola vel, að eitthvað verulegt sé af þeim tekið til þess að bæta lífsskilyrði þeirra, sem lítið eða ekkert hafa. Atvinnurekstur, sem illa gengur, sleppur alveg, og er því ástæðulaust að tala um, að með þessu sé verið að sliga atvinnuvegina. Þannig hefir bæði landbúnaður og sjávarútvegur svo að segja engan tekju-skatt greitt undanfarin kreppuár. Hefir skattur aðallega hvilt á launamönnum og þeim, sem fást við kaupmennsku og verzunarstörf. Hér hefir aðeins verið fylgt þeirri sjálfsögðu stefnu Alþýðuflokkssins að hækka skattinn hlutfallslega því meir, sem tekjurnar vaxa og draga á þann hátt úr óhófseyðslu og ná inn fé til aukins atvinnurekstrar í landinu.

Þá er það algerlega rangt, sem stjórnarandstæðingar hafa haldið fram, að skattar og tollar séu hlutfallslega hæri hér eftir íbúatölu en í nágrannalöndunum. Samkvæmt skýrslum ameríkska skattamálatimaritsins „Tax

system of the World“ eru skattar og tollar á íbúa sem hér segir:

Í Danmörku .....	26,98	dollarar
Í Svíþjóð .....	29,06	—
Í Noregi .....	25,82	—
Á Íslandi .....	23,67	—

(= 105 kr.) og eru þá reiknaðir út miðað við árið 1936. Hinar tölurnar eru eldri, en þó frá árunum eftir 1930.

## Rekstur ríkissjóðs og verklegar framkvæmdir

Höfuðádeila íhaldsins á núverandi ríkisstjórn hefir verið fyrir óhóf og eyðslusemi á fé ríkissjóðs. Hafa blöð þess látaust klifað á þeim mikla mun, sem væri á því nú og verið hefði í tíð Jóns Þorlákssonar.

Það mun því hlýða að draga hér skýrt fram, hvað gert hefir verið við þann tekjuauka, sem ríkissjóður hefir fengið á þessum árum.

Á árunum 1924—1927 eru tekjur ríkissjóðs þessar:<sup>1)</sup>

1924 .....	10,4	millj. kr.
1925 .....	15,0	—
1926 .....	10,7	—
1927 .....	10,0	—

Samtals 46,1 millj. kr.

eða 11,5 millj. kr. að meðaltali á ári. Til verklegra framkvæmda (vegamála, vitamála og verklegra fyrirtækja) er á sama tíma varið:

1) Póst- og símatekjur dregnar frá til samræmis við seinni landsreikninga.

1924 kr.	1,0	millj.	eða	9,9%	af heildartekjum
1925 —	1,2	—	—	8,2%	—
1926 —	1,8	—	—	17,3%	—
1927 —	2,8	—	—	27,8%	—

Samtals kr. 6,8 millj. eða 15,8% af heildartekjum það er 1,7 millj. kr. að meðaltali á ári. Til annara ríkisþarfa eru því notaðar 9,8 millj. kr.

Á árunum 1934—1936 eru meðaltekjur ríkissjóðs:

1934 .....	kr. 14,3	millj.
1935 .....	— 15,8	—
1936 .....	— 16,0	—

Samtals kr. 46,1 millj.

eða 15,4 millj. til jafnaðar á ári.

**En til verklegra framkvæmda (vegamála, vitamála og annara opinberra framkvæmda) er þá varið:**

1934 kr.	6,0	millj.	eða	42 %	af heildartekjum
1935 —	5,5	—	—	34,8%	—
1936 —	5,5	—	—	34,4%	—

**Samtals kr. 17,0 millj. eða 37,0% af heildartekjum (í tíð J. Þorl. 15,8%).**

Það eru 5,7 millj. kr. til jafnaðar á ári. Til annara ríkisþarfa hefir því verið notað 9,7 millj. eða heldur lægri upphæð en á stjórnarárnum Jóns Þorlákssonar.

Þó hefir verið stóraukið framlag til ýmissa menningarmála, t. d. hefir verið varið til samgangna á sjó og til kennslumála nálega 1 millj. (978 þús.) kr. meira árið 1935 en 1925. Auk þess mætti telja aukið framlag til almennrar styrktarstarfsemi o. fl., o. fl.

Sá tekjuauki, sem ríkissjóði hefir verið tryggður af núverandi stjórnarflokum hefir fengið með miklu hagstæðari rekstri ríkisstofnana og með því að hækka

skatt á háum tekjum. Allur þessi tekjuauki, og meira til, hefir fyrir atbeina Alþýðufloksins gengið til aukinna verklegra framkvæmda. Eins og sýnt er hér að framan, hefir skattabýrði einstaklinganna létzt og heiladarupphæð skatt- og tolltekna staðið í stað. Nú skal sýna muninn á því, hvernig álögunum hefir verið varið:

1925, skattur á mann í landinu 120 kr. Til verklegra framkvæmda kr. 9.84, til annara ríkisþarfi kr. 110.16.

1935, skattur á mann í landinu 105 kr. Til verklegra framkvæmda kr. 36.12, til annara ríkisþarfa kr. 68.88.

Á síðustu 2 árum, 1935 og 1936, hefir rekstrarrafkoma ríkissjóðsins batnað til muna. Á þremur næstu árum á undan var yfir þriggja millj. kr. rekstrarhalli, en 1935 var tekjuafgangur 374 þús. kr. og við bráðabirgðauppgjör fyrir 1936 varð hann 82 þús. kr.

Stjórnarandstæðingar hafa gert mikið veður út af því, að fjárlög síðustu þinga hafi verið langtum hærri en nokkurn tíma áður. En niðurstaðan er sú, að heildarútgjöld 1935 urðu nálega jöfn meðalútgjöldum síðustu 5 ára, en 1936 litið eitt hærri (700 þús.), en þó lægri en t. d. 1934. Hækkun fjárlaganna stafaði að lang mestu leyti af því, að reynt var að áætla tekjur og gjöld sem næst því, er reynslan var búin að sýna, að þau myndu verða. Enda hafa umframgreiðslur aldrei verið jafnlitlar undanfarin 10 ár. 1935, sem er síðasta ár, sem landsreikningur er kominn út fyrir, eru umframgreiðslur aðeins 14,55%, en 1925 eru þær um 32%, árið 1930 um 45% og árið 1934 um 45%.



IV. Fjármálastjórn Reykjavíkur

Hvernig er fjármálum  
og atvinnumálum  
Reykjavíkur stjórnað?

A að fela sömu mönnum  
fjármálastjórn ríkisins?

---

Kosningarnar 1937

**E**INS og öllum er vitanlegt, hefir ihaldið alla tið haft meiri hluta í stjórn Reykjavíkurbaðar, og bera því Sjálfstæðismenn alla ábyrgð á fjármálastjórn hans. Það væri því býsna fróðlegt að athuga, hvernig þeim hefir farið hún úr hendi, og þá einkum, hvernig þeim hefir gengið að uppfylla þær kröfur, sem þeir hafa með miklu offorsi gert til ríkisstjórnarinnar um sparnað í rekstri ríkisins, lækkun á sköttum og öðrum álögum og niðurfærslu skulda.

Ef litið er yfir reikninga Reykjavíkurbaðar nokkur undanfarin ár, vekur það fyrst sérstaka athygli, hvað útgjöld bæjarins hafa vaxið ör. Á árunum 1924 til 1937 hafa þau hækkað úr 2,5 millj. í 5,8 millj. kr., eða meir en

### þvöfaldazt.

— Ekki er nú liklegt, að álögurnar hafi lækkað mikið á sama tíma sem útgjöldin vaxa svo gifurlega. Nei, það þarf ekki lengi að leita til þess að ganga úr skugga um, að svo er ekki. Útsvörin, sem eru aðaltekjustofn bæjarins, hafa á sama tíma hækkað úr 1,3 millj. í rúmar 4 millj., eða meir en

### þrefaldazt.

Auk þess er lagður á bæjarbúa nokkurskonar neyzluskattur gegnum vatns- og hitaveitu, gas og rafmagn, og nemur sá skattur um 350 þús. kr. Nú skyldi maður etla, að þessar þungu álögur séu lagðar á ibúa bæjarins vegna einhverra stórfelldra mannvirkja, sem verið sé að vinna. En þau finnast ekki. Meira að segja hefir framlag til gatna lækkað frá 1930—1935 úr 402 þús. í 161 þús. kr., ef atvinnubótavinna er ekki talin með, enda gert ráð fyrir, að fé til hennar komi sem aukaframlag. En þá hlýtur bærinn að hafa verið að borga gamlar skuldir? Við athugun á skuldayfirlitnu verður

allt annað uppi á teningnum. Ekki hefir vöxturinn verið minnstur þar. Á árunum 1925—1935 hafa skuldirnar hækkað úr 1,3 millj. í 4,8 millj. eða nálega fjórfaldazt. Hvað hefir þá orðið um allar þessar miklu tekjur? Fyrst og fremst hefir kostnaður við stjórn bæjarins tvöfaldazt, nú 276 þús. kr. Þá er annar liður, sem stingur í augu: fátækraframfærslan hefir aukizt úr 450 þús. upp í um 2 millj. kr. eða meira en fjórfaldazt. Við nánari athugun sést, að það er sein afleiðing af því, að einn aðalatvinnurekstur bæjarins, togaraútgerðin, hefir dregið saman um nálega helming á síðustu sex árum. Togurum hefir fækkað úr 40 í 22. Pannig hefir verið búið að einum höfuðatvinnuvegi bæjarbúa.

Árið 1925 voru útsvör og skattar, sem lögð voru á bæjarbúa, samtals kr. 2 147 532.02. Þá er ibúatala bæjarins 22 022, og koma því kr. 97,70 á hvern ibúa.

Árið 1937 eru sömu álögur samkvæmt fjárhagsáætlun kr. 4 852 000.00, en ibúatalan samkvæmt manntali um 35 500. Verða álögurnar því þetta ár kr. 136.70 á hvern bæjarbúa, eða 40% hærri en 1925.

Á sama tíma hafa álögur ríkisins lækkað, eins og annars staðar er bent á (sbr. III. Skattar, tollar og verklegar frankvæmdir), úr kr. 120.00 á mann niður í kr. 105.00, eða um  $12\frac{1}{2}\%$ . Litlu hagstæðari verður samanburðurinn, ef teknað eru allar skuldir bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja, sem munu vera um 15 millj. og 600 þús. kr. eða um 440 kr. á hvern bæjarmann. Allar skuldir ríkisins, þar með talin lán, sem tekin hafa verið handa bönkunum og ríkisverksmiðjum, eru um 380 kr. á hvern ibúa landsins.

Í stuttu máli verður niðurstaðan af því að athuga stjórn Sjálfstæðismanna á Reykjavíkurbæ síðustu 10—12 árin þessi:

**Heildarútgjöldin hafa nokkru meira en**  
**þvöfaldazt.**

Útsvör og beinar skattaálögur hafa meira en þrefaldazt.

Skuldirlnar hafa nálega fjórfaldazt.

Kostnaður við stjórn bæjarins hefir tvöfaldazt.

Fátækraframfærslan hefir nálega fjórfaldazt.

Framlög til gatna hefir lækkað um  $\frac{3}{5}$ .

Togurum hefir fækkað um nálega helming.

En beinar álögur á hvern íbúa hækkað um 40%.

Hvernig væri stjórn ríkisins komin í höndum þessara manna?

Gutenberg.

# Hvernig hefir árferðið verið 1934—1937?

Hvaða áhrif hefir það haft  
á hag þjóðarinnar og atvinnulíf?

Hvað hefir þing og stjórn gert  
til að bæta úr erfiðleikunum?

---

Kosningarnar 1937

## Markaðshrunið í Suðurlöndum.

Árið 1929 var seld til Spánar 37 þús. tonn af saltfiski fyrir hér um bil

### 25 milj. kr.

Árið 1933 34300 tonn fyrir

### 15 milj. kr.

En árið 1936 aðeins 2000 tonn fyrir rúma

### 1 milj. króna

og varð að taka greiðsluna í rándýrum og óhentugum vörum.

Allt fram að tímum Breiðfylkingarinnar hefir enginn islenzkur maður leyft sér að loka augunum fyrir því, hverja þýðingu Spánarmarkaðurinn hefði fyrir afkomu þjóðarinnar. Nægir um það að vitna til ummæla nokkurra ihaldsmanna á Alþingi fyrir 15 árum, er Spánverjar höfðu gert þær kröfur til Íslendinga, að þeir leyfðu innflutning á svokölluðum „léttum vinum“ að því viðlöggú, að annars mundu þeir setja ísl. saltfisk í hæsta tollflokk, en talið var að það mundi gera hann illseljanlegan á Spáni, sökum dýrleika. Ríkisstjórnin lagði fyrir þingið frv. um að veita undanþáguna. Í áltí nefndarinnar, sem hafði málið til meðferðar er lögð áherzla á, að hér sé hvorki um meira né minna að tefla en fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Meðalársframleiðsla undansfarinna ára var 25 þús. smál. Af því fóru 17 þús. smál. til Spánar og var það verðmaetasti hluti framleiðslunnar.

Í nál. segir m. a.:

„Pað hlýtur hver þingmaður að finna sárt til þess, að vér erum hér að slá nokkru af sjálfsákvörðunarrétti vorum.“

**P**EGAR ihaldsblöðin ræða um stjórnarfarið í landinu reyna þau að lýsa með sem dekkstum litum þeim erfiðu tímum, sem nú eru og bera þá hiklaust saman við tímabilið 1924—26, en þau ár voru, sem kunnugt er, einhver hin mestu veltiár til lands og sjávar, sem komið hafa. Kenna þau að nazista sið stjórn og meiri hluta Alþingis um alla erfiðleikana. Hitt dettur þeim aldrei i hug að bera saman árferðið og þá ólíku aðstöðu, sem stjórnir þessara tíma áttu við að búa.

Árin 1934—1937 hafa frá náttúrunnar hendi og af óviðráðanlegum ytri atvikum verið einhver hin erfiðustu ár, sem yfir þetta land hafa gengið í heilan mannsaldur, og má heita að hvert áfallið hafi rekið annað: Markaðshrun á aðalútflutningsvöru landsmannna, sildveiðarnar brugðust 1935, og öll árin má heita að hafi verið síminnkandi afli á þorskveiðum um allt land. Snjókyngi með harðindum og fóðurskorti gekk yfir Norður- og Austurland veturninn 1936 og olli miklu tjóni. Jarðskjálftar gerðu stórtjón á Norðurlandi sumarið 1934 og sama haust urðu á sömu slóðum skaðar af ofviðri og stórfloðum. Nam tjónið af hvoru um sig hundruðum þúsunda króna. Fjárppestir hafa verið meiri og skæðari en dæmi eru til áður, síðan fjárláðann mikla. (Til þess að bæta að nokkru tjón manna af þessum síðastöldu áföllum hefir verið varið og ákveðið að verja úr ríkissjóði sem hér segir: Harðindin á Norður- og Austurlandi ca. 100 þús. kr. Jarðskjálftarnir 150 þús. kr. Ofviðristjón 70 þús. kr. Varnir gegn fjárpest ca. 500 þús. kr.).

„En hverju slægjum vér ekki af metnaði vorum lika og yrðum að slá — ef fjárhagslegt sjálfstæði vort færí út um þúfur?“

Magnús Jónsson segir m. a.:

„Hér er því í raun rétttri ekki um að ræða 8, 10 eða 12 milljónir, heldur tilveru stórskipaflotans okkar. Hann stendur og fellur með Spánarmarkaðinum.“

„Væri bannstefnunni borgið eftir að af henni hefði leitt fjárhagslegt hrun?“

Sig. Stefánsson:

„Fjárhagslegt sjálfstæði vort hlaut að velta á úrslitum þessa máls ... einhverjir þingmenn vildu á þennan hátt fremja það ódæði að sýna sjávarútveginum banatilræði“.

Sig. Eggerz:

„Ég álit hættuna gífurlega; annars hefði ég aldrei slegið undan“.

Sig. H. Kvaran:

„En auðvitað yrði tapið miklu meira en þær  $12\frac{1}{2}$  milljón, sem um hefir verið raett ... þá er fyrirsjáalegt hrun og eignir sjávarútvegsmanna verða að litlu sem engu“.

Betta var næstum einróma skoðun allra þingmanna 1922 og 1923: þrenging eða lokun Spánarmarkaðsins = algert fjárhagslegt hrun þjóðarinnar og glötun sjálfstæðis hennar.

### Aflabresturinn.

**Ofan á markaðstapið hefir bætzt hið mesta aflaleysi, sem þekkst hefir hér á landi á þessari öld.**

Miðað við skipastólinn, sem þjóðin hefir haft á að skipa, er fiskaflinn í ár og í fyrra minni en nokkur

dæmi eru til síðan skýrslur hófust um aflabréögð landsmanna.

Árið 1936 var fiskaflinn á öllu landinu aðeins 29100 tonn miðað við fullverkaðan fisk, en 68600 tonn 1933.

Aflinn var því á síðastliðnu ári rúm 40% af því sem hann var árið 1933.

Verðmæti aflans 1933 til veiðiskippanna, miðað við frumverkaðan fisk, hefir numið um 18,6 millj. króna. Samkvæmt skýrslu milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum var hluti skipverja á veiðiflotanum árin 1929—1932 að meðaltali rúm 40% af afla skipanna. — Samkvæmt því hefði hluti skipverja árið 1934 átt að nema 7,5 milljónum króna.

Það hafa því verið atvinnutekjur sjómannastéttarinnar 1933. Allur verkunarkostnaður þessa afla í landinum árið 1934 7,635 millj. króna. Eru af því vinnulaun eftir því sem næst verður komið um 80% og eru þar með talin laun bifreiðastjóra, skrifstofufólks og ágóði þeirra, sem reka fiskverkunarstöðvarnar.

Vinnulaun við fiskverkunina í landi hafa því numið um 5,8 milljónum árið 1933. Vinnulaun allra, sem unnu að saltfiskframleiðslunni á sjó og landi námu því 1933 13,3 milljónum króna. En árið 1936 nemur saltfiskframleiðslan ekki nema 29 þús. tonnum og verðmæti hennar til veiðiskipanna miðað við frumverkaðan fisk því ekki nema 8 milljónum króna.

Hluti skipverja sjálfra á veiðiflotanum, eða sjómannastéttarinnar, nemur því árið 1936 ekki nema 3,2 milljónum, í stað 7,5 árið 1933, og hefðu því tekjur sjómannastéttarinnar verið 4,3 milljónum króna lægri 1936 en 1933 ef ekkert hefði orðið til þess að bæta upp aflaleysið á saltfiskvertiðinni.

Þessi tekjurýrnun nemur árstekjum rúmlega 1700 fjölskyldna, ef miðað er við það, að hver fjölskylda hafi 2500 kr. tekjur.

Verkunarlaun í landi við saltfiskframleiðsluna árið 1936, miðað við 23 þúsund tonn, sem gera má ráð fyrir að komið hafi til fullrar verkunar, þar sem um 6 þús. tonn, miðað við fullverkaðan fisk, eru flutt úr landi sem óverkaður fiskur, geta ekki numið meiru en 2,3 millj. króna, þótt talin séu, eins og áður laun allra þeirra, sem á nokkurn hátt vinna að verkuninni.

Vinnulaunin í landi hafa því lækkað um hvorki meira né minna en 3,5 milljónir króna frá 1933, eða sem svarar árstejkum 1750 fjölskyldna með 2000 króna meðalárstekjum.

Tekjur verkalýðsins, sem vann að saltfiskframleiðslunni á sjó og landi, urðu því 7,8 milljónum króna lægri árið 1936 en þær voru 1933, eingöngu vegna aflaleysisins á þessu ári, og heildartekjur verkalýðsins við sjávarsíðuna hefðu því hlotið að minnka að sama skapi, eða sem svarar árstejkum 3500 fjölskyldna, ef ekkert hefði verið gert af hálfu hins opinbera til að mæta tapinu og bæta úr því, eða m. ö. o. ef sama fyrirhyggjuleysi ríkti og meðan atvinnumálin voru eingöngu í höndum íhaldsins.

Vertiðin 1937 varð engu betri en 1936 og í sumum veiðistöðvum enn lakari. Á Austfjörðum og Vestfjörðum hafa allar vertiðir gerbrugðist síðan 1934. Hlýtur sama sagan að endurtaka sig á þessu ári um missi tekna af þorskveiðunum af völdum aflaleysisins.

Íhaldið hefir gumað mikið af afrekum stjórnar Jóns Þorlákssonar á árunum 1924—1927. Ýmsir telja þó að henni hafi tekizt það frábærast að breyta góðæri í hallæri. Um stjórn hinna síðustu ára verður vitanlega ekki sagt, að hún hafi breytt hallæri í góðæri, en hinu verður ekki neitað, að fyrir opinberar ráðstafanir og fyrirhyggju þingmeirihluta og stjórnar hefir þrátt fyrir þá fádæmu örðugleika, sem lýst hefir verið, tekizt til þessa

að forða þjóðinni frá hruni, sem enginn hefði trúað, að takast mætti, ef misærið og markaðshrunið hefði verið vitað fyrir.

Ráðstafanir hins opinbera til að hamla upp á móti atvinnutjóninu af völdum markaðshunsins og aflaleysisins hafa megnað að færa þjóðinni auknar tekjur sem hér segir:

1. Nýjar framleiðsluvörur sjávarútvegsins árið 1936 seldar erlendis fyrir nálaegt

### 3 milj. króna.

2. Síld og síldarafurðir seldust á árinu 1936 fyrir

### 6 millj. króna hærri upphæð en 1933,

sem er að miklu leyti að þakka betra skipulagi um framleiðslu og sölu og meiri fyrirhyggju af hálfu hins opinbera.

3. Útfluttar landbúnaðarvörur seldust á árinu 1936 fyrir

### 3 millj. króna hærri upphæð en 1933,

sem einnig er að miklu leyti að þakka opinberum afskiptum.

4. Aukinn iðnaður og innflutnings og gjaldeyrirráðstafanir sparar þjóðinni

### milljónir króna,

er dreifast að mjög miklu leyti út á meðal þjóðarinnar sem atvinnutekjur.

5. Skipulagning á afurðasölu landbúnaðarins færir bændum um

### 2 millj. króna tekjuaukningu á ári miðað við árið 1933.

6. Hið opinbera leggur til verklegra framkvæmda  
**1 millj. króna hærri upphæð**  
 en ætlað var á fjárlögum þeim, sem samin voru 1933.  
 Og til beinna atvinnubóta er varið um  
**600 þús. kr. meira.**

Hvað af þessu mundi hafa verið gert, ef íhaldið hefði  
 farið með völd, sem telur, að öll vandræði verði leyst  
 með því, að hið opinbera láti allt afskiptalaust?

,,Það, sem við viljum, er að fá að vera í  
 friði,”  
 segir formaður Sjálfstæðisflokkssins:  
 friði til að sökkva öllu í kaf.

Gutenberg.

Hvað olli

# samvinnuslitum stjórnarflokkanna?

Hvaða kröfur gerði

alþýðan við sjóinn

sem Framsóknarflokkurinn

gat ekki gengið að?

---

Kosningarnar 1937

## Starfskrá Alþýðusambandsþingsins 1936

**P**AR sem samningur um bráðabirgðaverkefni ríkisstjórnarinnar er nú útrunninn, en eftir eru 2 ár af yfirstandandi kjörtímabili, sem 4 ára áætlun Alþýðufloksins ar miðuð við, leggur 13. þing Alþýðusambands Ísl. fram eftirfarandi STARFSSKRÁ, sem það krefst að lögð verði til grundvallar löggjafarstarfi Alþingis og stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum á næstu 2 árum.

1. Öll stjórn atvinnumálanna hafi það markmið, sem tekið er fram í 1. gr. 4 ára áætlunar Alþýðufloksins og í samningum stjórnarflokksanna: að reisa við atvinnuvegi þjóðarinnar, gera landbúnaðinn arðberandi og áuka atvinnuuna í landinu, þar til atvinnuleysinu er með öllu útrýmt. Tekið sé jafnt tillit til verkalyðs-, iðnaðar- og handverksmanna bæja og kauptúna og vinnustéttá sveitanna og þeim veitt hjálp jafnhliða og samtímis, svo að jafnvægi haldist svo sem unnt er, milli atvinnutekna og kaupgetu þessara stétta og sömuleiðis milli bæja og sveita.

2. Þeim tilraunum, sem hafnar eru til að byggja upp nýjar atvinnugreinar og nýjan atvinnurekstur, sé haldið áfram og þær auknar að miklum mun, rannsóknir á möguleikum til nýrra fiskveiða og nýjar aðferðir við hagnýtingu aflans séu auknar og styrktar riflega, nýjum frýsihúsum sé komið upp sem viðast um landið með opinberum styrk og nýjar verksmiðjur reistar svo viða sem fært þykir.

3. Ráðstafanir séu gerðar með lögum til þess að tryggja fyllri notkun þeirra atvinnutækja, skipa og véla, sem til eru í landinu. Útgerð ríkis og bæjarfélaga

sé hrundið í framkvæmd með lögum og útvegaðir á næstu 2 árum a. m. k. 3—5 nýtizku togarar með öllum nýtizku tækjum til að vinna úr aflanum og hagnýta hann til fulls.

4. Opinber rannsókn verði látin fara fram nú þegar á fjárrreiðum og rekstri stórútgerðarfyrirtækjanna og þau þeirra, sem ekki reynast að eiga fyrir skuldum, en hafa verið rekin fyrir lánsfé á ábyrgð bankanna, tafarlaust tekin til gjaldþrotameðferðar og sett undir sameiginlega stjórn, er ríkisstjórnin skipar, en verkalyðssamtökini eigi fulltrúa í, og sé það tryggt, að rekstur þeirra atvinnutækja, sem talist hafa eign slikra fyrirtækja, haldi áfram án nokkurrar tafar eða stöðvunar, vegna uppgjörs þeirra og stjórnarbreytingarinnar.

5. Komi það í ljós við rannsóknina, að óreiða hafi átt sér stað í stjórn fyrirtækjanna eða refsiverð meðferð á sé, sem þau hafa haft með höndum, þannig t. d. að sé, sem fyrirtækjunum hefir verið lánað til reksturs þeirra, hafi verið dregið út úr rekstrinum eða eignum þeirra skotið undan, er forráðamönnum þeirra var kunnugt um, að þau ættu ekki fyrir skuldum, skulu hinir seku látnir sæta fullri ábyrgð að lögum og sakamál tafarlaust höfðað gegn þeim.

6. Stofnað sé sérstakt verzlunar- og utanríkismálaráðuneyti, er hafi það verkefni, sem tekið er fram í 3. gr. samninga núverandi stjórnarflokka: „að undirbúa alla verzlunarsamninga við erlend ríki, stjórnna markaðsleitum, ráðstafa inn- og útflutningi og hafa að öðru leyti yfirumsjón með öllu, er við kemur utanríkisverzluninni“.

Ráðuneytið skal þegar gera öflugar ráðstafanir til þess, að verðlag á lífsnauðsynjum í landinu geti lækkad með því að hafa hemil á verzlunargróða stórkaup-

manna og heildsala. Ráðuneytið skal enn fremur gera ráðstafanir til þess, að okur á nauðsynjum atvinnuveganna, svo sem olíu, benzíni, kolum, salti og veiðarfærum geti ekki átt sér stað, og þær vörur fáist ávallt í landinu við sannvirði. Ráðuneytið skal auka og efla það starf, sem þegar er hafið, til öflunar og hagnýtingar nýrra markaða fyrir íslenzkar afurðir. Skipaðir verði tafarlaust verzlunarfulltrúar í Mið-Evrópu og Ameriku, til þess að greiða fyrir viðskiptum við þau lönd. Stjórn saltfisksölumálanna sé falin mönnum, er ráðuneytið skipar og fari fram undir eftirliti þess, en tekið sé tillit til fiskframleiðenda um skipun þeirra málá.

7. Hafið sé skipulagsbundið og viðtekt starf undir forstu og eftirliti þess opinbera, til þess að koma fram stórfelldri aukningu í iðnaði og landbúnaði með nýtizku aðferðum og eftir áætlun, er ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing (1937) að fengnum tillögum Skipulagsnefndar atvinnumála, sem þegar eru undirbúnar.

8. Iðnaðinum sé séð fyrir fjármagni með stofnun sérstakrar lánstofnunar (iðnláanasjóðs, iðnbanka), er hafi sama hlutverk með höndum og samsvarandi lánsstofnanir fyrir aðra atvinnuvegi. Ríkissjóður leggi fram meiri hluta stofnfjár þessarar lánsstofnunar, en stuðlað sé að því, að einkafjármagn, og þá fyrst og fremst það, sem bundið er í verzluninni, leiti til nýrra iðnfyrirtækja gegnum iðnláanasjóðinn og á annan hátt. Séu hin nýju iðnfyrirtæki yfirleitt á einkareksturs- og samkeppnis- eða samvinnugrundvelli, en eftirlit haft með stofnsetningu þeirra. Pau iðnfyrirtæki, sem eru svo stór, að ekki er rétt að ælast til, að þau séu rekin sem einkafyrirtæki, skulu stofnuð og starfrkt af því opinbera með sérstökum fjárhag. Eftirliti sé komið á með verðlagi á innlendum iðnvarningi, en tekið með

öllu fyrir innflutning á slikum vörum, um leið og sýnt er, að framleiða má þær í landinu sjálfu.

9. Samskonar og tilsvarandi avinnu- og framleiðsluaukningu skal leitast við að koma fram í landbúnaðinum, með því að styðja að skipulegri jarðrækt í stórum stil, byggðri á fullkominni ræktun, kornrækt og garðrækt, fyrst og fremst í nágrenni bæja og kauptúna, enn fremur alifuglarkt og loðdýrarækt, en fjarlægari sveitir sitji fyrir um mjólkur- og kjötframleiðslu. Bændur, sem taka vilja upp slika nýbreytni í búskap, séu studdir til þess með ódýrum lánum til jarðræktar, bygginga og búreksturs. Landi sé þeim úthlutað fullunnu og sé undirbúningsvinnsla þess framkvæmd af verkamönnum frá nærliggjandi bæjum.

10. Ýtarleg rannsókn verði látin fara fram að tilhlutun hins opinbera á hitasvæðum viðsvegar um landið, og þá sérstaklega á möguleikum fyrir hitaveitu til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Sé það leitt í ljós, hvar skilyrði eru bezt til virkjunar í nágrenni þeirra bæja, áætlun gerð um framkvæmd verksins og kostnað og því hrundið i framkvæmd svo fljótt, sem auðið er.

---

Þegar ekki tókst að ná samningum við Framsóknarflokkinn eftir itrekaðar tilraunir í vetur um lausn þessara mála á grundvelli starfsskráinnar — en það hefðu aðeins verið tilsvarandi ráðstafanir til bjargar fólkini við sjávarsíðuna eins og gerðar höfðu verið með samvinnu beggja flokkanna fyrir bændurna — þá lögðu þingmenn Alþýðuflokksins einir fram frumvarp á Alþingi í samræmi við starfsskrána, sem leiddi til samvinnuslita og þingrofs.



VIII. Atvinnuleysið og viðnámið gegn því

# Hefir atvinnuleysið aukizt í landinu á árunum 1934-1937?

Hvað hefir verið gert  
til að hamla gegn því?

Hefði ástandið verið betra  
ef aðrir hefðu farið með stjórnina?

---

Kosningarnar 1937

**V**ERKEFNI það, sem legið hefir fyrir stjórnarflokk-unum í baráttunni gegn atvinnuleysinu hefir verið fólgιð í þessu þrennu:

1. Að sjá því fólki fyrir atvinnu, sem atvinnulaust var, er þeir tóku við völdum, og var miklu fleira en atvinnuleysingjaþráning sýndi á þeim tíma, því að það er viðurkennt, að hundruð manna vanræktu skrásetninguna fyrir það, að hún gaf þá litla eða enga von um, að atvinnuþörfum hinna skráðu yrði nokkur sérstakur gaumur gefinn.

2. Að veita atvinnu þeim, sem við bætast árlega á vinnumarkaðinn fyrir hina almennu fólksfjölgun í landinu, en það eru um 1000 atvinnuþurfandi manna árlega eða um 3000 á síðstu 3 áum.

3. Að sjá því fólki fyrir vinnu og atvinnutekjunum, sem fyrir ófyrirsjáanlegt misæri, aflabrest og markaðs-hrun hefir ýmist mist vinnu sína eða staðið uppi með tvær hendur tómar eftir tekjulausar vertiðir. Þetta svarar til þess, að þurft hafi að sjá 3500 fjölskyldum fyrir atvinnu (sbr. VI. Ófyrirsjáanlegir erfiðleíðar).

Ráðstafanir hins opinbera gegn atvinnuleysinu hafa aðallega verið fólgnar í því, er hér greinir:

1. Efling iðnaðarins í landinu með margvislegrí lög-gjöf og stuðningi hins opinbera.

2. Aukning síldarútvegs og síldariðnaðar með full-komnara skipulagi á framleiðslu og sölu, fjölgun verk-smiðja og stórhækkuðu verði til útgerðarmanna og sjómanna.

3. Nýja framleiðslugreinar í sjávarútvegi fyrir fram-tak fiskimálanefndar (karfaveiðar og vinnsla, ufsa-veiðar, hraðfrysing, herðing, hvalveiðar, rækjur).

4. Stórauknar verklegar framkvæmdir hins opinbera með beinum framlögum til þeirra og til atvinnubóta.

5. Aukin atvinna við landbúnað á sumrum vegna framleiðsluaukningar fyrir bætt skipulag, að tilhlutun hins opinbera, á sölu afurða á innlendum og erlendum markaði.

Pó að tölur atvinnuleysissskráningarinnar frá fyrri árum hennar og alt fram að síðstu stjórnarskiftum séu fjarri því að ná yfir alla hina atvinnulausu og því ekki sambærilegar við tölur í skýrslum um atvinnuleysi frá síðstu árum, sem eru miklu nær því að vera tæmandi (meiri von um opinber afskifti af hinum skráðu, vinnumiðlunarskrifstofur, auknar atvinnubætur), endast jafnvel þessar tölur til að sýna, að þrátt fyrir misærið, aflabrestinn og markaðshrunið, sem að öllu óbreyttu hefði átt að margfalda atvinnuleysið, hefir tekizt að veita því það viðnám, að um aukningu er ekki að ræða, heldur miklu fremur hið gagnstæða, að minnsta kosti um aðalbjargræðistímann.

Aldrei hefir atvinnuleysið orðið meira en á tínum samsteypustjórnarinnar. Árið 1932 var fólksfjöldi í Reykjavík 30 565, en tala skráðra atvinnuleysingja var þá um hábjargræðistímann, þ.e. 1. ágúst, 633 eða 2,07% af öllum ibúum Reykjavíkur. 1. ágúst 1936 (síðasta tala frá sama árstíma) voru þeir 226 eða 0,64% af öllum ibúum Reykjavíkur, sem já voru 35 250.

1. febr. 1932	var tala atvinnuleysingja	550	eða	1,80%
1. febr. 1937	—	789	—	2,24%
1. maí 1932	—	205	—	0,67%
1. maí 1937	—	308	—	0,87%
1. nóv. 1932	—	731	—	2,39%
1. nóv. 1936	—	609	—	1,73%

Hæsta atvinnuleysingatalan síðan um síðstu stjórnarskipti er 1. febr. síðastliðinn. En einmitt mánudírnir jan.—febr. eru að fornu og nýju aðal-atvinnu-

leysismánuðir ársins, svo að jafnvel i góðærinu 1929 voru um 200 atvinnuleysingjar skráðir á þessum tíma. Atvinnuleysi þessara mánaða hefir þó einkum orðið til að hækka atvinnuleysingjatöluna síðstu 2—3 árin, sem stafar af því að togarar hefja síðar vertið en áður og stunda hana miður.

Veiðiferðir 35 togara, sem slunduðu veiðar 1936 á saltfiskvertið, voru 154 og úthaldsdagar 1812, eða liðlega 50 úthaldsdagar að meðaltali á hvern togara. Voru veiðiferðir togaranna á árinu 145 ferðum og 1273 úthaldsdögum færri heldur en 1935, en þá slunduðu saltfiskveiðar 37 togarar, og voru veiðidagar þeirra samtals 3085 eða 84 úthaldsdagar að meðaltali á skip. Árið 1934 voru úthaldsdagar jafnmargra togar og 1936 samtals 3362 eða að meðaltali 96 dagar. Meðalúthaldstími togaranna hefir því lækkað um 40% frá því 1935 og um nærrí 50% frá því 1934.

Að einhverju leyti má að sjálfsögðu afsaka þessa slælegu sjósókn með aflaleysinu og daufum horfum um markað, þó að slundum hafi litið út fyrir, að eiginendum togaranna hafi legið í léttu rúmi, þó að fremur væri aukið á erfiðleikana en dregið úr þeim. Og eftirkortarvert er, að það útgerðarfyrirtækið, sem jafnframt rekur íhaldspólítíkina í landinu, Kveldúlfur, hefir haft áberandi fáa úthaldsdaga á hvern togar, borið saman við önnur útgerðarfyrirtæki.

Hér fer á eftir tala atvinnuleysingja í Reykjavík síðastl. 5 ár, samkv. skýrslum Hagstofunnar.

	1. febr.	1. maí	1. ágúst	1. nóv.
1932 .....	550	205	633	731
1933 .....	623	268	226	569
1934 .....	544	190	390	719
1935 .....	599	432	252	510
1936 .....	596	720	226	609
1937 .....	789	308		

1. maí 1936 var atvinnuleysingjatalan óvenjulega há vegna aflaskorts á vertiðinni og stöðvunar togaranna fyr á vertið en dæmi eru til áður, eða 720, en 1. maí síðastliðinn var hún komin niður í 308, og er það hin síðasta skráningartala.

Til marks um meðferð ihaldsmanna á tölum í opinberum skýrslum um atvinnuleysi má geta þess að við skráninguna 1. febr. síðastliðinn voru skrásettir auk þeirra, sem atvinnulausir voru þegar skráning fór fram, 147 menn, sem þá höfðu vinnu, en höfðu haft stopula atvinnu á tímabilinu frá því að síðasta skráning fór fram og hefir þetta tiðkast undanfarið við skráningar. Til þess að hækka atvinnuleysingjatöluna baeta ihaldsmenn þessum 147 mönnum við hana og þrástagaast á því bæði í blöðum og útvarpsumræðum að 936 menn hafi verið skráðir atvinnulausir í stað 789, sem rétt var. Morganbl. birti, líklega af vangá, réttar tölur 19. mars síðastliðinn, en notar alltaf rangar tölur síðan.

Eins og atvinnu er háttar á Íslandi, er það yfirleitt öruggastur mælikvarði á atvinnu verkafólks, hvort margir eða fáir þurfa að ganga atvinnulausir á bjargræðistímanum, en þeim hefir, þrátt fyrir allt, farið fakkandi, með hverju ári i tið núverandi stjórnar.

1. ágúst voru skráðir atvinnulausir í Reykjavík:

1932:	633
1934:	390
1935:	252
1936:	226

Hvað hefði atvinnuleysið verið mikil í landinu, ef engar opinberar ráðstafanir hefðu verið gerðar til að hamla gegn því?

Hvar værum við staddir nú, ef feldar hefðu verið niður verklegar framkvæmdir, íslenzkur iðnaður lá-

inn keppa varnarlaus við erlendan iðnaðarvarning, og ef ekki hefði verið horfið frá einhæfninni í veiði, verkun og sölu aflans? Hvar værum við staddir, ef ekki hefði verið hægt að hagnýta sér aflann og ekkert fengist fyrir nýjar framleiðsluvörur, sem samanlagt seldust fyrir 3 milljónir króna? Og hvað værum við staddir, ef vörukaupin hefðu ekki verið notuð til markaðsöflunar og tryggingar? Hvar staddir, ef fellt hefði verið framlag til atvinnubóta og 4 milljónir af gjaldeyrinum hefðu verið notaðar til óþarfa-kaupa, svo að skortur hefði orðið á framleiðsluvörum og nauðsynjum? Hvar staddir, ef bændurnir hefðu orðið að flýja sveitirnar fyrir verðfall á afurðum sínum ofan á atvinnuleysingjana á mölinni?

Hvar staddir ef íhaldið hefði farið með völd á þessum vandræðatínum?

